

Stjórnarfundur LH 20. apríl 2007

6. fundur. Haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Hinrik Már Jónsson, Sigrún Valdimarsdóttir og Þorvarður Helgason. Einnig mætti Regína Gunnarsdóttir af skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð samþykkt.

Halldór Halldórsson formaður reiðveganefndar LH mætir á fundinn fer yfir úthlutun reiðvegafjár og þær spurningar sem hann telur rétt að leggja fyrir stjórnámálamenn. (Fskj. 1). Málið er vel reifað og lýsir stjórn ánægju með meðferð málsins af hálfu Halldórs, eins og ævinlega vinnur reiðveganefnd þetta fagmannlega. Fram kemur að LH hefur u.þ.b. 47.000.000,- til úthlutunar á starfsárinu. Fram kemur að hætt var við að fá stjórnámálamenn á fund og ákveðið að senda þeim spurningarlista sem þeir geta svarað á netinu.

Frekari umræður um fundargerð síðasta fundar:

- a. Heimasíðumál er í tilboðsferli og sér Regína áfram um málið.
- b. Hvanneyri: Í framhaldi af samningi við Hvanneyri hefur Elsa Albertsdóttir tekið að sér að koma inn í öryggisnefnd LH í stað Friðriks Pálssonar sem því miður hefur beðist undan að taka sæti þar.
- c. Einar skýrir frá niðurstöðu nýrrar íþróttadómaranefndar FEIF.
- d. Sigfús greinir frá því að búið sé að gera tillögu að skipulagi af nýju svæði á Ólafsfirði. Eftir er að kynna tillöguna fyrir hestamannafélaginu Gnýfara.

2. Spurningar til þingflokka

Haraldur fer yfir þær spurningar sem leggja á fyrir stjórnámálaflokkana.

Í umræðunni kemur fram að almennt viðhorf er að hestamennska sé jaðariþrótt sem erí eigu samræmi við þá staðreynd að LH sé þriðja stærsta sérsambandið innan ÍSÍ og líklegt má telja að þeir sem hestamennsku stunda séu u.þ.b. þrefalt fleiri en skráðir eru félagar í hestamannafélögunum. Eftir nokkrar umræður er ákveðið að breyta spurningu 4 ásamt greinargerð. Stjórnarmenn hafa frest fram að hádegi næstkomandi mánudags til að skila athugasemdum ef einhverjar eru.

3. Aðalfundur Landsmóts ehf

Töluverðar umræður voru um tillögurnar og var það niðurstaða eftir smávægilegar orðalagsbreytingar að leggja tillögurnar fram á aðalfundi LM ehf.

4. Önnur mál.

- a. **Úthlutun Reiðveganefndar.** Haraldur og Maríanna fá umboð fundarins til að staðfesta úthlutanir reiðveganefndar.
- b. **Dómararáðstefna 2008.** Hinrik Már tekur að sér að móta tillögur fyrir stjórn LH um alþjóðlega dómararáðstefnu á Íslandi árið 2008.
- c. Lögð fram bréf frá Fjármálaráðuneytinu og HSK.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*